

Nd.

109. Frumvarp til laga

[96. mál]

um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.

Flm.: Einar Oddsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. skipulagsskrárinnar bætist:

Heimilt er og einstaklingum og fyrirtækjum að láta gjafir renna í sjóð þennan.

2. gr.

3. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Peningaupphæð sjóðsins skal geymast og ávaxtast í lögleyfðum banka eða spari-sjóði og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign að fullu, þar til féð verður notað samkvæmt því, er síðar segir.

3. gr.

Úr 4. gr. skipulagsskrárinnar falli niður málsliðurinn:

„Öllu fólki, sem á heimilið er tekið, veitist þar að öllu leyti ókeypis vist og aðhlyning, svo fremi sem eigi þarf að flytja það á sjúkrahús“.

4. gr.

1) 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Byggingin skal reist í Vík í Mýrdal, en jörðin Suður-Hvammur, sem áfnast sjóðnum í þessu skyni, með öllu, sem henni fylgir og fylgja þer, verður full og óátalin eign sjóðsins frá þeim tíma, er byrjað er á stofnun elliheimilis.

2) 1. másl. 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Í þessu húsi skulu eiga heima gamalmenni þau, sem sjóðsstjórnin veitir viðtöku, til æviloka, eða svo lengi sem þau kjósa.

3) Niðurlag 3. mgr. 5. gr. („svo og önnur nauðsynleg hús“ o. s. frv.) falli niður.

5. gr.

Síðari másl. 6. gr. falli niður.

6. gr.

Í 7. gr. skipulagsskrárinnar falli niður orðin: „leggur stofnunin til þess efni, en allt, sem gamalmennin vinna, meðan þau dvelja á heimilinu, rennur til stofnunarinnar og notast í hennar þarfir“.

7. gr.

- 1) Aftan við 2. másl. 1. mgr. 8. gr. bætist: en framangreindir erfingjar búsettir utan Vestur-Skaftafellssýslu mega velja einn úr sínum hópi í stjórnina, sem þá verður skipuð 6 mönnum.
- 2) 4. másl. 1. mgr. 8. gr. hljóði svo:
Samkomustaður stjórnarinnar, er hún heldur fundi, skal vera í Vík í Mýrdal.

Greinargerð.

Árið 1927 stofnuðu bræðurnir Jón Halldórsson kaupmaður og Ólafur Halldórsson bóndi í Suður-Vík í Mýrdal sjóð til minningar um foreldra þeirra og 2 systur. Sjóður þessi ber nafnið „Minningarsjóður hjónanna Halldórs Jónssonar og Mattildar Ólafsdóttur og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll“.

Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest hinn 18. september 1929, og er hún fylgiskjal þessa frumvarps.

Eins og nafnið ber með sér, var markmið stofnenda með minningargjöf og stofnun sjóðsins að láta reisa elliheimili fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll. Stofnfé sjóðsins var kr. 15 000.00, sem stofnendur lögðu fram í reiðu fé, svo og jörðin Suður-Hvammur í Mýrdal, þar sem reisa átti elliheimilið, en jörðina átti að afhenda sjóðnum, þegar byrjað væri á verkinu.

Hér var um stórmannlega gjöf að ræða, og hefði vafalaust mátt reisa myndarlega byggingu fyrir 15 000 kr., þegar sjóðurinn var stofnaður. Ekki átti þó allt stofnféð að renna til byggingarinnar, því að sjóðurinn átti einnig að standa straum af framfæri þeirra gamalmenna, sem tekin yrðu á elliheimilið. Þau áttu að fá ókeypis vist þar.

Sjóðurinn er geymdur í Söfnunarsjóði Íslands og nemur nú kr. 205 077.62.

Jörðina Suður-Hvamm hafa erfingjar stofnenda afhent sjóðsstjórninni, og á fundi sínum á s. l. sumri ákvað sjóðsstjórnin að stofna dvalarheimili fyrir aldrað fólki, eftir að tvær aðrar stórar gjafir höfðu borizt til þessarar umræddu stofnunar.

Þörfin fyrir dvalarheimili aldraðs fólks á því svæði, sem skipulagsskrá minningarsjóðsins nær til, þ. e. í Vestur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum, er aðkallandi, sem og víðast hvar eða alls staðar annars staðar á landinu.

Vegna breyttra þjóðfélagsástæðna og þeirra miklu breytinga, sem hafa orðið á gildi íslensku krónunnar síðustu 4 áratugin, hefur stjórn minningarsjóðsins talið óhjákvæmilegt að gera þær breytingar, sem í frumvarpinu felast. Það skal tekið fram, að frumvarp þetta hefur verið borið undir erfingja stofnenda minningarsjóðsins, og eru þeir því samþykkir.

Við samningu frumvarpsins hefur verið reynt að tryggja það, að hugsjónir stofnenda verði í framkvæmd samræmdar þjóðfélagsháttum vorra tíma, svo sem kostur er, þó þannig, að upphaflegum ákvæðum skipulagsskrárinnar verði sem minnst raskað, bæði að því er efni og form varðar.

Um 1. gr.

Í 2. gr. skipulagsskrárinnar segir, að stofnendur eða erfingjar þeirra geti aukið sjóð þennan síðar, ef þeir vilji. — Eins og málum er nú háttað, verður að teljast eðlilegt, að aðrir fái að leggja fé í sjóðinn líka, enda stuðlar það að því, að markmiði stofnenda verði náð.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar áttu peningar sjóðsins að geymast og ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Þetta ákvæði mun hafa verið sett vegna þess, að stofnendur hafa talið tryggara að geyma féð þar en í öðrum lánsstofnunum, sem þá voru ólíkt færri en nú. Þessi forsenda er úr sögunni nú og bæði eðlilegra og hentugra að geyma féð í lögleyfðum banka eða sparisjóði.

Um 3. gr.

Af kostnaðarástæðum er útilokað með öllu að veita öldruðu fólki ókeypis vist á væntanlegu elliheimili.

Um 4. gr.

1) Samkvæmt 5. gr. skipulagsskrárinnar átti að reisa elliheimilið á jörðinni Suður-Hvammi. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að það verði stofnað í Vík í Mýrdal, þar sem allar aðstæður mæla með því nú. Í Vík er t. d. auðveldara að fá alla nauðsynlega þjónustu en á fyrrnefndu sveitabýli.

2) Í 1. málslíð 3. mgr. 5. gr. skipulagsskrárinnar er gert ráð fyrir, að á elliheimilinu dvelji þau gamalmenni, sem sjóðurinn veitir lífsupheldi. Hér verður sú breyting á, að í staðinn koma til með að dvelja þar þau gamalmenni, sem sjóðsstjórnin veitir viðtöku. Þetta er afleiðing af breytingunni á 4. gr. skipulagsskrárinnar.

Um 5. gr.

2. málslíður 6. gr. skipulagsskrárinnar hljóðar svo:

„En til alls þessa, byggingar og annars, má eigi verja meiru af fé sjóðsins en svo, að stjórn hans þyki öruggt, að $\frac{3}{4}$ hlutar árlegra vaxta af eftirstandandi höfuðstól nægi undir venjulegum kringumstæðum til þess að standast kostnað stofnunarinnar í rekstri og halla, er á búinu kynni að verða, og mega þeir ganga til þess, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, til viðhalds stofnuninni og aukningar síðar meir.“

Eins og málefnum sjóðsins er háttað í dag, er óframkvæmanlegt að framfylgja þessu atriði skipulagsskrárinnar, enda ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að elliheimilið reki bú.

Um 6. gr.

Í skipulagsskránni er gert ráð fyrir, að gamalmennin fái ókeypis vist á elliheimilinu, en leggi því í staðinn til vinnu sína.

Með 4. gr. frumvarpsins eru ákvæðin um ókeypis vist felld niður, og er því breytingin skv. 6. gr. frumvarpsins eðlileg afleiðing af því.

Um 7. gr.

1) Breytingin á 2. málslíð 1. mgr. 8. gr. er í samræmi við óskir erfingja stofnenda, sem allir eru búsettir utan Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur stjórn sjóðsins talið þessa breytingu eðlilega.

2) Samkvæmt 4. málslíð 1. mgr. 8. gr. skipulagsskrárinnar skyldi samkomustaður stjórnarinnar vera í elliheimilinu að Suður-Hvammi eða á ættarjörð stofnenda, Suður-Vík. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að samkomustaðurinn verði í Vík í Mýrdal.

Fylgiskjal.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 18. september 1929. Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ
fyrir**

minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar (f. 10. marz 1857) og Matthildar Ólafsdóttur (f. 11. október 1851) frá Suður-Vík og dætra þeirra Guðlaugar (f. 8. desember 1881) og Sigurlaugar (f. 13. nóvember 1887), til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar

elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll“, og er stofnsettur af erfingjum þeirra Jóni og Ólafi Halldórssonum í janúar 1927.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 15000 kr. í peningum, er stofnendur leggja til hans, og ennfremur ánafna þeir honum til eignar á sínum tíma (sbr. 5. gr.) jörðina Suður-Hvamm í Mýrdal (Hvammshreppi). Stofnendur eða erfingjar þeirra geta aukið sjóð þenna síðar, ef þeir vilja.

3. gr.

Peningaupphæð sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign að fullu, þar til féð verður notað samkvæmt því, er síðar segir.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að stofnað verði fyrir eignir hans heimili til fulls lífsframtæris handa ellihrumu fólki, körlum og konum, sem eru fullra 65 ára að aldri og fædd eru í Vestur-Skaftafellssýslu eða undir Eyjafjöllum í Rangárvallasýslu, eða hafa dvalið þar full 10 ár samfleytt innan fertugsaldurs, og skulu fátæk gamalmenni, ekkjur og einstæðingar, ganga fyrir öðrum til upptöku á heimilið. Öllu fólki, sem á heimilið er tekið, veitist þar að öllu leyti ókeypis vist og aðhlyning, svo fremi sem eigi þarf að flytja það á sjúkrahús. Stjórn sjóðsins ákvarðar í hvert skipti, hverjir fái vist á elliheimilinu, ef fleiri sækja um verustað þar en rúmast geta um sinn, og skal tekið tillit til þess, að það komi sem jafnast niður á hreppana á svæði því, er sjóðurinn nær yfir. Engan má setja á heimilið gegn vilja hans.

5. gr.

Elliheimili þetta skal reisa á kostnað sjóðsins og skal það vera vel vandað og reisulegt steinhús (eða úr öðru haldgóðu efni, ef fundið kynni að vera, þegar stofnunin er reist), en að öðru leyti skal byggingin vera íburðarlaus, því að hyggilegs sparnaðar skal gætt við hana í hvívetna. Stjórn sjóðsins, sem hefur á hendi alla framkvæmd byggingarinnar og umsjón með henni, skal útvega teikningu af henni og gerð hennar hjá húsameistara ríkisins eða öðrum húsbyggingameistara, ef jafntryggilegt þætti, og skal gera útboð á smíðinni eða verkinu, ef það álist heppilegra.

Byggingin skal reist á jörðinni Suður-Hvamm í Mýrdal, sem áfnast sjóðnum í þessu skyni með öllu, sem henni fylgir og fylgja þer, og verður full og óátalin eign sjóðsins frá þeim tíma, er byrjað er á verkinu, enda sé hún þá laus úr ábúð.

Í húsi þessu skulu eiga heima gamalmenni þau, sem sjóðurinn veitir lífsupphæð, til æviloka eða svo lengi sem þau kjósa, og skal séð um, að þau fái þar hollan og hæfilega rúmgóðan bústað. Ef eignalausir einstæðingar eiga í hlut, annast sjóðurinn einnig útför þeirra, ef þeir andast á heimilinu. Íbúð skal þar og vera fyrir starfsfólk stofnunarinnar svo og önnur nauðsynleg hús fyrir áhöfn jarðarinnar o. s. frv.; en jörðin skal rekin fyrir heimilið, henni vel við haldið og hún bætt eftir þörfum.

6. gr.

Byggingin skal fullgerð vera og stofnunin taka til starfa á eitt hundrað ára fæðingardegi einhvers af arfleiföndunum, sem sjóðurinn er við kenndur, ef fært þykir að álisti sjóðsstjórnar, en þó eigi fyrr en sjóðsstofn nemur minnst kr. 200 000.00, og eigi síðar en á hundrað ára fæðingardegi þess yngsta þeirra, Sigurlaugar Halldórsdóttur, þ. 13. nóvember 1987, — og skal þá og aflagð áhafnar búans, búshalda m. m., sem þarf til stofnunarinnar í heild. En til alls þessa, byggingar og annars, má eigi verja meiru af fé sjóðsins en svo, að stjórn hans þyki öruggt, að ¼ hlutar árlegra vaxta af eftirstandandi höfuðstól nægi undir venjulegum kringumstæðum til þess að standast kostnað stofnunarinnar í rekstri og halla, er á búinu

kynni að verða, og mega þeir ganga til þess, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, til viðhalds stofnuninni og aukningar síðar meir.

7. gr.

Stjórn sjóðsins semur reglugjörð fyrir elliheimilið, ræður ráðsmann og starfs- eða vinnufólk stofnunar og bús og ákveður kaup þess. Einnig að öðru leyti hefur hún þar æðsta valdið og hefur nákvæmt eftirlit og umsjón með öllu, er viðkemur rekstri stofnunarinnar og búsins, og sér um, að öllu sé sparsamlega og hentuglega hagað. Hún annast ennfremur um, að gamalmenni heimilisins geti, ef þau eru þess umkomin, haft einhverja líkamlega vinnu sér til afþreyingar og að jafnan sé fyrir hendi verkefni til þess, við hæfi hvers þeirra; leggur stofnunin til þess efni, en allt, sem gamalmennin vinna, meðan þau dvelja á heimilinu, rennur til stofnunarinnar og notast í hennar þarfir. Stjórnin skal og stuðla að því, að hollar andlegar skemmtanir verði við og við hafðar um hönd á heimilinu, svo og að guðsþjónusta fari þar fram við viss tækifæri.

8. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 5 manna nefnd, er skulu vera: Stofnendur sjóðsins, meðan þeir eru á lífi, en að þeim látnum 2 næstu erfingjar, ef óhindraðir eru og búsettir í Vestur-Skaftafellssýslu, ella 2 þar næstu undir sömu skilyrðum. Ef enginn slíkra erfingja er búsettur í héraðinu, skulu hinir stjórnendur sjóðsins velja 2 menn innan sýslu til þess að taka sæti í stjórninni, meðan svo er ástatt. Ennfremur sýslumaður Skaftafellssýslu, héraðsprófastur Vestur-Skaftafellssýslu, og einn maður kosinn af hreppsnefndum Eyjafjallahreppanna. Samkomustaður stjórnarinnar, er hún kemur á fundi, skal vera í Suður-Vík eða á elliheimilinu að Suður-Hvammi. Stjórnin kys sér formann og gjaldkera. Hæfilega þóknun má stjórnin ákveða sér fyrir störf sín eða kostnað við þau, frá því er stofnunin tekur til starfa, ef ástæða og þörf þykir til, en að jafnaði vinnur hún kauplaust.

Tvo endurskoðendur sjóðsreikninganna kys sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á 5 ára fresti.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins og stofnunarinnar er almanaksárið, og skal stjórnin hafa lokið reikningum fyrir liðið ár á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og þar með gert áætlun um reksturinn það árið.

10. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni aldrei breyta að efni til. Formsatriðum getur stjórn sjóðsins þó fengið breytt, ef hún öll er sammála um að ríka nauðsyn beri til þess, og dómsmálaráðuneytið samþykkir, enda komi þar til staðfesting konungs eftir venjulegum reglum.